



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Alþingi
Erindi nr. P 140/222Y
komudagur 9.5.2012

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

7. maí 2012
Tilvísun: 2012050001/11.0

Efni: Umsögn Fjármálaeftirlitsins um frumvarp til laga um ökutækjatrýggingu, 733. mál.

Fjármálaeftirlitið (FME) vísar til tölvupósts yðar til eftirlitsins sem mótttekinn var þann 30. apríl sl. Í tölvupóstinum var FME boðið að koma á framfæri umsögn um frumvarp til laga um ökutækjatrýggingu, sbr. 733. mál. Eftirfarandi eru athugasemdir FME við frumvarpið.

Varðandi 12. gr. frumvarpsins

Í 12. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir álagningu svonefnds vantryggingagjalds ef Umferðarstofu berst tilkynning um að vátrygging ökutækis sé úr gildi fallin, sbr. 1. mgr. 11. gr. frumvarpsins. Þrátt fyrir að ekki komi skýrlega fram í ákvæðinu hvers eðlis vantryggingagjaldið er, þ.e. skattur, þjónustugjald eða annað, virðist af lýsingu þess mega ráða að um refsikennd viðurlög sé að ræða. Ef gengið er út frá því að um refsikennd viðurlög sé að ræða vekur FME athygli á mikilvægi þess að hugað sé að kröfum lögmætisreglunnar og meginreglum stjórnýsluréttar við ákvörðun um álagningu gjaldsins.

Í tengslum við framanritað gerir FME athugasemdir við að skv. frumvarpinu tekur löggjafinn ekki afstöðu til lágmarks vantryggingagjalds enda er aðeins kveðið á um hámark vantryggingagjaldsins, kr. 25.000. Þar af leiðandi er ákvörðun um lágmarks vantryggingagjald falin ótilgreindum stjórnvöldum, sbr. hér að neðan.

Samkvæmt 3. málsli. 2. mgr. 12. gr. frumvarpsins má ákveða að lækka vantryggingagjaldið um 50% ef tilkynning vátryggingafélags skv. 1. mgr. er afturkölluð innan tiltekens tíma. FME bendir á að framangreint fyrirkomulag felur það í sér að ívilnandi ákvörðun stjórnvalds, þ.e. 50% lækkun vantryggingagjalds, er bundin skilyrði sem ekki verður uppfyllt nema til athafna af hálfu vátryggingafélags komi. Þannig myndast ekki forsendur fyrir lækkuninni nema vátryggingafélag ákveði að afturkalla tilkynningu sína um að vátrygging ökutækis sé úr gildi fallin. FME telur óæskilegt að vátryggingafélögum, sem sjálfstæðum einkaréttarlegum aðilum, séu falin svo mikil áhrif á töku ívilnandi stjórnvaldsákvörðunar.

Varðandi 3. málslið 2. mgr. 12. gr. telur FME jafnframt óskýrt hvað átt er við með „innan tiltekens tíma“ og leggur til að löggjafinn taki afstöðu til þess hvað teljist heppilegur tími í þeim efnum.

Í 12. gr. frumvarpsins er ekki kveðið á um það með skýrum hætti hvaða stjórnvald hefur heimild til álagningar vantryggingagjalds. Af 1. mgr. 12. gr., sbr. orðalag 9. mgr. 12. gr. um heimild ráðherra til að „fela öðru stjórnvaldi álagningu og innheimtu vantryggingagjalds“ má



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

ráða að Umferðarstofu sé að einhverju leyti ætlað framangreint hlutverk en það kemur þó ekki skýrt fram í frumvarpinu. Samkvæmt framanrituðu og með vísan til lögmætisreglu íslensks stjórnskipunarréttar leggur FME til að í lögunum verði tekin bein afstaða til þess hvaða stjórnvald hafi heimild til þess að leggja á og innheimta vantryggingagjald. Það að Umferðarstofa sé nefnd með framangreindum hætti og ráðherra síðan gefin heimild til þess að „fela öðru stjórnvaldi álagningu og innheimtu vantryggingagjalds“ kann jafnframt að leiða til þess að lögin verði óskýr enda ætti að vera hægt að ráða það ótvírætt af texta laganna sjálfra hvaða stjórnvald hefur heimildina.

Þar sem heimild Umferðarstofu til álagningar gjaldsins kemur ekki skýrt fram í ákvæðinu vekur FME einnig athygli á því að á tímabilinu frá gildistöku laganna og þar til reglugerð ráðherra skv. c-lið 23. gr. frumvarpsins, sbr. 9. mgr. 12. gr. þess verður sett er alls óljóst hvort og þá hvaða stjórnvald hafi heimild til álagningar vantryggingagjalds.

Varðandi álagningu vantryggingagjalds vekur FME loks athygli á því að hvorki er í 12. gr., né annarsstaðar í frumvarpinu getið um hvort ákvörðun um álagningu gjaldsins skv. 12. gr. sé endanleg á stjórnáráðgjafi eða hvort unnt sé að kæra ákvörðunina og þá hvert. Samkvæmt meginreglu stjórnáráðgjafaréttar væri unnt að kæra ákvörðunina til fagráðuneytis þess stjórnvalds sem ákvörðunina tók en FME leggur til að skýr afstaða verði tekin til þessa í frumvarpinu sjálfu.

Varðandi 17. gr. frumvarpsins

Í 17. gr. frumvarpsins er kveðið á um að FME skuli viðurkenna upplýsingamiðstöð sem aðstoðar við öflun grundvallarupplýsinga sem eru nauðsynlegar við meðferð tjónamáls að tilteknum skilyrðum uppfylltum. FME vekur athygli á því að þar sem Ísland er „aðildarríki“ í skilningi 17. gr., sbr. skilgreiningu í 1. tölul. 3. gr. frumvarpsins felur upptalning skilyrða bæði í texta 17. gr. og stafliðum a-c ákvæðisins í raun í sér tvítalningu. FME leggur til að stafliðum a-c í 17. gr. frumvarpsins verði sleppt og að í stað orðanna „hérlandis“, „hér“ og „hér á landi“ í texta 1. mgr. 17. gr. komi orðið „aðildarríki“.

Jafnframt vekur FME athygli á því að samkvæmt texta ákvæðisins njóta ferðamenn sem til Íslands koma frá öðrum ríkjum en „aðildarríkjum“ ekki þess hagræðis sem í upplýsingamiðstöð skv. 17. gr. kann að felast.

Varðandi 24. gr. frumvarpsins

Í 24. gr. frumvarpsins kemur fram að „Fjármálaeftirlitið fer með eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim“.

FME gerir athugasemd við framsetningu ákvæðisins með framangreindum hætti og nefnir fyrir því eftirfarandi ástæður.

Núverandi orðalag ákvæðisins felur ekki í sér neina afmörkun á eftirlitshlutverki FME. Þar sem frumvarpið leggur tilteknar skyldur á Umferðarstofu og mögulega önnur stjórnvöld, sbr. 9. mgr. 12. gr. og c-liður 23. gr. frumvarpsins, felur núverandi orðalag í sér að FME yrði falið eftirlit með störfum annarra stjórnvalda.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Þrátt fyrir að núverandi orðalag gefi annað til kynna hefur FME upplýsingar um að markmið þeirra sem sömdu frumvarpið hafi ekki verið að fela FME eftirlit með störfum annarra stjórnvalda heldur aðeins eftirlit með því að váttryggingafélög ræki skyldur sínar skv. lögnum. Hafi ætlunin verið sú að afmarka eftirlitshlutverk FME við eftirlit með skyldum váttryggingafélaga skv. lögnum vekur FME athygli á mikilvægi þess að sú ætlun komi skýrt fram í frumvarpinu. Sú er ekki raunin í núverandi mynd frumvarpsins.

Sé það hins vegar vilji löggjafans að FME hafi eftirlit með störfum Umferðarstofu vekur FME enn fremur athygli á mikilvægi þess að skýrt sé kveðið á um slíkt eftirlitshlutverk ásamt því sem m.a. verði kveðið á um skyldu Umferðarstofu til greiðslu eftirlitsgjalds skv. lögum nr. 99/1999 um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi líkt og aðrir aðilar sem undir eftirlit FME falla.

Að teknu tilliti til þess sem að framan greinir telur FME að núverandi orðalag frumvarpsins sé villandi.

Auk þess sem að framan greinir vekur FME athygli á því að ekki kemur fram í texta frumvarpsins hvaða úrræði FME skuli hafa til þess að rækja eftirlitshlutverk sitt en venja er að vísa til þess að um eftirlitið fari skv. lögum nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi þegar eftirlitinu er falið eftirlitshlutverk í lögum.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Halldóra E. Ólafsdóttir
Halldóra E. Ólafsdóttir

Valdimar Guðmar Hjartarson
Valdimar Guðmar Hjartarson